



Fundargerð hreppsnefndar 04. júlí 2013

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 4. júlí 2013 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mætt Bárður Jónasson, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður E. Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Sigríður Bragadóttir.

Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 20. júní sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 20. júní sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með sjö atkvæðum

2. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 18. júní sl.

Lögð fram fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar frá 18. júní sl.

Fundargerðin síðan samþykkt með 5 atkvæðum 2 sátu hjá.

3. mál. Stjórnarfundur Arnarvatns ehf. frá 30. maí og 24. júní sl.

Lagðar fram fundargerðir Arnarvatns frá 30. maí og 24. júní sl. Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

Fram kom að gengið hefur verið frá leigusamningi við rekstraraðila hótelsins.

4. mál. Skóli og íþróttahús. Tilboða í verkið” Grunnskóli Vopnafjarðar. Múrviðgerðir og málning úti.”, áður tekið fyrir á fundi 20. júní sl.

Á fundi hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 20. júní sl., var fjallað um um tilboð í verkið. Tilboð barst frá Mælifelli ehf. að fjárhæð 17.595.511 kr., en kostnaðaráætlun var 12.601.615 kr.

Hreppsnefnd gat ekki samþykkt tilboðið eins og það lá fyrir en fól sveitarstjóra að leita samninga við fyrirtækið um verkið að hluta eða öllu leyti með hliðsjón af kostnaðaráætlun, sem unnin var fyrir verkið.

Eftir umræður milli aðila hefur náðst samkomulag um að Mælifell ehf. er tilbúið að taka verkið að sér fyrir 14.200.000 kr. og hafa möguleika á því að áfangaskipta verkinu milli árána 2013 og 2014. Varðandi áfangaskiptingu og nánari útfærslur verður tekið á í sérstökum verksamningi.

Með samkomulagi þessu er heildartilboðsfjárhæðin því lækkuð um 3.395.511 kr.

Gerð var nánari grein fyrir málinu og síðan lagt til að fela sveitarstjóra að ganga frá verksamningi á þessum grunni við Mælifell ehf.

Málsmeðferð þessi var síðan samþykkt samhljóða.

5. mál. Ásbræður, uppkaup bryggju Síldarskemmu og frágangur lóðarmála. Áður tekið fyrir á fundi hreppsnefndar 20. júní sl.

Málið var áður tekið fyrir á fundi hreppsnefndar 20. júní sl.

Frá þeim tíma hafa aðilar málsins rætt saman um nánari útfærslu málsins, frágang lóða og umferðarrétt. Jafnframt var niðurstaða þeirra viðræðna að heildarfjárhæð tilboðs yrði 17.250 þús. í stað 17.500 þús.

Að loknum umræðum var lagt til að fela sveitarstjóra að ganga til samninga á þessum grunni við Ásbræður. Heildarfjárhæð greiðist á 3 árum og fyrsta greiðsla verði á árinu 2014. Endanlegir samningar um lóðir o.fl. verði síðan lagðir fyrir hreppsnefnd.

Málsmeðferð þessi var síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

6. mál Opnun tilboða í verkið “Tækjahús við sundlaug. Uppsteypa og fullnaðarfrágangur.”

Lögð fram fundargerð vegna opnunar tilboðs í verkið dags. 1. júlí sl.

Eitt tilboð barst frá Mælifelli ehf.:

1) Mælifelli ehf.	14.506.400 kr.
2) Kostnaðaráætlun er	15.280.300 kr.

Tilboðið er því 94.93 % af kostnaðaráætlun.

Gerð var grein fyrir málinu og í framhaldi var lagt til að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við lægst bjóðanda Mælifell ehf. Miðað er við að verklok verði 1. nóv. nk.

Málsmeðferð þessi samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

7. mál Bremenports, samstarf, bréf og fréttatilkynning.

Gerð var grein fyrir samvinnu við Bremenports og hverjar hugmyndir eru um framvindu mála í þeim efnum. Fulltrúar sveitarfélaganna á svæðinu ásamt verkfræðistofunni Eflu munu vinna áfram að verkinu í samráði og samvinnu við Bremenports, sem lýst hefur yfir vilja til þess að leggja fram umtalsverða fjármuni á næstu árum til undirbúningsrannsókna.

Almennt lýstu fundarmenn yfir ánægju með framvindu mála og var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum að fela sveitarstjóra að vinna áfram að framgangi mála fyrir hönd sveitarfélagsins.

8. mál. Samningur um lyfjafræðilegaþjónustu í Sundabúð

Lögð fram drög að samningi um lyfjafræðilega aðstoð vegna Sundabúðar, hjúkrunarheimilis, sem hugmyndin er að gera við Lyfjaver.

Gerð var grein fyrir málinu og í framhaldi var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum að fela sveitarstjóra og hjúkrunarforstjóra heimilisins að ganga frá undirritun samningsins og leita eftir samþykki Lyfjastofnunar í framhaldi.

9. mál. Handverkshópurinn, Kaupvangur.

Lagt fram bréf frá Handverkshópnum “Nema hvað”, þar sem hópurinn óskar eftir því að fá til afnota húsnæði í Kaupvangi fyrir starfsemi sína í sumar, en hópurinn hefur verið á hrakhólum hvað húsnæði varðar til sýninga og sölu á afurðum hópsins. Í þessu sambandi er óskað eftir aðstöðu í fjarkennslustofu Kaupvangs.

Gerð var grein fyrir málinu og í framhaldi urðu talsverðar umræður um málið.

Hreppsnefnd samþykkti síðan samhljóða fyrir sitt leyti að veita hópnum leyfi til þess að nota húsnæði í Kaupvangi til umbeðinnar starfsemi í sumar. Leyfið verði veitt í fullri sátt við fulltrúa Austurbrúar, sem haft hefur rýmið til umráða. Handverkshópurinn er meðvitaður um þá starfsemi og gerir sér grein fyrir að leyfi þetta er tímabundið á meðan skólastarf er ekki í gangi.

Sveitarstjóra falið að ganga frá málinu.

10.mál. Tónlistarskólakennari, auglýsing

Gerð var grein fyrir auglýsingu eftir tónlistarskólakennara og lögð fram gögn varðandi aðila sem áhuga hafa á starfinu.

Að umfjöllun lokinni var samþykkt að vísa málinu til tillögugerðar í fræðslunefnd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

11. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Fundargerð HAUST frá 27. júní sl.

Lagt fram til kynningar.

b) Bréf frá starfsfólki Siglingastofnunar mótttekið 1. júlí sl.

Lagt fram til kynningar.

c) Minnisblað Sambands ísl. Sveitarfélaga dags. 28. júní sl., varðandi forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2014.

Nokkrar umræður urðu undir þessum lið um fjárhagsáætlunarvinnu og samráð við fosvarsmenn stofnanana og deilda.

Málið að öðru leyti lagt fram til kynningar.

12. mál. Sumarleyfi sveitarstjórnar

Oddviti gerði grein fyrir að þetta væri síðasti fundur fyrir sumarleyfi. Næsti fundur verður ekki fyrr en í lok ágúst.

Því næst óskaði Oddviti sveitarstjórn gleðilegs sumars og ánægjulegs sumarleyfis.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.10